

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 2011 í máli nr. S-1127/2011:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson

aðstoðarsaksóknari)

gegn

M

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

I

Málið, sem dómtekið var 17. október síðastliðinn, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 28. júní 2011 á hendur „M, kennitala 000000-0000, fyrir líkamsárás á hendur þáverandi sambýliskonu og barnsmóður sinni, K,

I

með því að hafa, mánudaginn 20. september 2010, ráðist á hana, á heimili þeirra að í Reykjavík, rífið í hár hennar svo hún féll í gólfið og í framhaldinu sparkað einu sinni hægra megin í brjóstkassa hennar, með þeim afleiðingum að K hlaut rispu og yfirborðsáverka á hægri bringu og brjóstkassa.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

II

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 3. október 2010, ráðist á hana, fyrst á heimili þeirra í Reykjavík og slegið hana hnefahöggi í hægri kinn, en síðar sömu nótt hóttað að drepa hana og ógnað henni með hníf í Heiðmörk í Reykjavík og rekið hnífinn í hægri hendi hennar, allt með þeim afleiðingum að K hlaut bólgur á hægra kinnbeini, mar á vinstri kinn og á hálsi, skrapsár vinstra megin á hálsi og skrámur á hægri hendi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998 og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 125. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Brotapoli krefur ákærða um greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga frá 21. september 2010 til birtingardags kröfunnar en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að hann verði dæmdur til að greiða þóknun réttargæslumanns.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst sýknu af skaðabótakröfunni en til vara að henni verði vísað frá dómi.

II

Ákærði og brotapoli bjuggu saman frá árinu 2001 og þar til brotapoli fór af sameiginlegu heimili þeirra í byrjun október 2010. Brotapoli lýsti því í yfirheyrslu hjá lögreglu að ákærði hefði lengi beitt sig ofbeldi, auk þess að vera bæði ráðríkur og stjórnSAMUR á heimili. Varðandi atvikið í fyrri lið ákæru kvað brotapoli ákærða hafa ráðist á sig á heimili þeirra. Hann hefði þrifið í hár hennar svo hún hefði fallið í gólfið og þá sparkað í brjóstakassa hennar. Kvaðst brotapoli hafa átt erfitt með að anda og hreyfa sig. Hún fór á slyshadeild og í vottorði þaðan er haft eftir henni: „Segir eiginmann sinn hafa sparkað í brjóstakassa hægra megin og sagt það myndi verða meira að gert ef ekki væri sonur þeirra á heimilinu í næsta herbergi. Skoðun: Það er rispa eða far eftir högg yfir hægri bringuspöllum. Það eru engin eymsli yfir lifur eða kvið og lungnahlustun er eðlileg. Ekki mæði eða hósti.“ Þá sáust yfirborðsáverkar á brjóstakassa framanverðum. Hjá lögreglu neitaði ákærði að hafa veitt brotapola þessa áverka og kvað þetta aldrei hafa gerst.

Varðandi atvikið í síðari lið ákæru kvaðst brotapoli hafa leigt íbúð frá 1. október 2010 og hugsað sér að flytja um þá helgi. Hún kvaðst hafa látið niður í töskur og farið með á nýja heimilið en snúið aftur á það gamla til að elda og fleira. Ákærði hefði ekki vitað af þessu og hefði það verið ætlun hennar að flytja smátt og smátt. Um kvöldið eftir að hún var sofnuð hefði ákærði farið að skoða í tösku hennar og þá fundið leigusamning um nýju íbúðina. Kvað hún hann hafa brugðist illa við, vakið hana og slegið hnefahögg á hægri kinn. Eftir það hefði hann neytt hana til að klæðast og koma með sér í nýju íbúðina. Þar hefði hann látið þau orð falla að hún væri of stór fyrir hana og hún hlyti að ætla að flytja þangað með öðrum manni. Hann hefði síðan neytt sig til að bera töskurnar út í bíl og ekið síðan með sig út fyrir borgina. Kvaðst brotapoli hafa séð skilti sem á stóð Heiðmörk og hefði ákærði beygt þar inn. Eftir að hafa stöðvað bílinn kvað brotapoli ákærða hafa rifið

sig út úr honum og hótað sér með hníf, meðal annars lífláti. Hún kvaðst hafa reynt að yta honum frá sér og hefði þá komið við hnífinn með hægri hendi. Allt í einu hefði ákærði svo hætt og þau snúið aftur til gamla heimilisins.

Brotapoli fór á slysadeild að morgni 4. október og í vottorði þaðan segir að þegar sambýlismaður hennar hafi komist að því að hún hefði leigt sér íbúð og væri að flytja frá honum hefði hann ráðist á hana aðfaranótt sunnudagsins 3. október. „Hún segir að hann hafi farið með sig upp í Heiðmörk, þar sem hann ógnaði henni með hníf og er hún með litla skrámu á hæ. hendi eftir að verjast hnífnum. Segir hann einnig hafa lamið sig í andlitið og hún er talsvert bólgin á hæ. kinnbeini og með marblett á hálsi. Segist aum yfir rifbeinum hæ. megin og segir ekki frá öðrum áverkum. Raunar er það þannig að við þetta atvik segir hún að viðkomandi hafi hótað sér með hníf sem hann beitti við háls og hendi en hún hafi ekki fengið við þetta tilfelli nein högg en hann hafi hótað henni með þeim orðum að hún ætti ekki að fara frá honum.“ Í vottorðinu segir að það sé lítið mar vinstra megin á kinn. Lítið skrapsár sé á hálsi vinstra megin við skjaldkirtilsbrjóskið og á hægri hendi sé lítið sár yfir II. miðhandarbeini sem er sagt yfirborðslægur skurður. Loks kvartaði brotapoli yfir eymslum í brjóstholi hægra megin, en ekki var þar mar eða grunur um rifbrot.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu kannaðist ákærði við að hafa farið með brotapola í íbúðina um miðja nótt. Kvaðst hann hafa verið mjög ósáttur við að hún væri að leigja íbúð án hans vitundar. Hann neitaði að hafa hótað henni eða ógnað með hnífi. Þá neitaði hann að hafa ekið með hana í Heiðmörk. Þau hefðu setið í bílnum og ræðst við, meðal annars um heimilisofbeldi almennt. Ákærði kannaðist við að eiga hníf sem fannst við leit í bílnum.

III

Við þingfestingu neitaði ákærði sök og var þá ákveðin aðalmeðferð. Í upphafi aðalmeðferðar ítrekaði hann þá afstöðu sína. Síðan lýsti ákærði því yfir að hann myndi ekki svara spurningum heldur vísaði til þess sem hann hafði borið hjá lögreglu.

Brotapoli bar varðandi atvikið í fyrri lið ákærunnar að hún og ákærði hefðu rifist og hann hefði orðið mjög reiður og byrjaði að berja hana. Hún kvaðst hafa setið á rúminu og verið með tölvu og hann hefði togað í hár hennar og dregið hana niður á gólfi. Þar sem hún hefði legið í gólfinu hefði hann sparkað í brjóstokassa hennar. Hún kvaðst hvorki hafa getað andað né hreyft sig. Hún kvaðst bara hafa legið og veinað og hefði hann þá hætt og farið út úr herberginu. Eftir að hafa jafnað sig kvaðst brotapoli hafa sest, en ekki mundi hún hvort hún hefði sest á stól eða rúmið. Sonur þeirra hefði verið að horfa á sjónvarp og þess vegna hefði hún látið sem ekkert hefði gerst. Næsta dag kvaðst hún svo hafa farið til læknis. Hún kvað ákærða hafa verið sér reiðan vegna þess að hún sinnti ekki heimilisverkum svo honum líkaði.

Varðandi atvikið í síðari lið ákærunnar bar brotapoli að ákærði hefði komist að því að hún vildi flytja af heimilinu. Hún hafði flutt eitthvað af búslóð sinni í nýja íbúð sem hún hafði leigt, enda hefði hún ákveðið að slíta sambúðinni. Hún kvaðst

hafa verið sofandi þegar ákærði hefði farið í tösku hennar, sem hún hafði falið á baðherberginu, og fundið leigusamning um nýju íbúðina. Hann hefði vakið hana og spurt hvað væri í gangi. Brotapoli kvaðst hafa orðið mjög hrædd, enda bæði þreytt og syfjuð. Hún kvaðst hafa setið á klósettinu þegar ákærði hefði slegið hana með hnefanum á hægri vangann. Síðan neyddi hann hana til að klæða sig og fara með honum í nýju íbúðina til að sýna honum. Þegar þangað var komið tók ákærði töskurnar og svo fóru þau aftur í bílinn og óku á brott. Hún kvaðst ekki hafa vitað hvert ákærði ók, en hún vissi að þau voru ekki á leiðinni heim heldur út úr bænum. Þetta var annaðhvort seint um nótt eða snemma morguns og enginn á ferli. Nokkrum sinnum á leiðinni hefði ákærði hótad að drepa hana. Brotapoli kvaðst muna eftir skilti sem á stóð Heiðmörk en ákærði ók eftir vegi sem lá þangað og stöðvaði á eyðilegum stað. Hún kvað ákærða hafa þvingað sig út úr bílnum og tekið upp hníf og sagt henni að öskra og spurði hver ætti að hjálpa henni núna. Ákærði hefði ógnað sér með hnífnum og látið eins og hann ætlaði að meiða hana. Hún kvaðst hafa reynt að ýta ákærða frá sér, en hann hefði beint hnífnum að andliti hennar og hálsi. Þegar hún var að ýta honum frá sér hefði hún lent á hnífnum og skorist á hendi. Allt í einu var eins og ákærða hefði snúist hugur og hefði hann sest inn í bílinn. Hún hefði einnig sest inn í bílinn og ákærði hefði síðan ekið þeim heim. Þegar heim var komið hefðu þau farið að sofa.

Læknirinn, sem ritaði vottorð varðandi fyrri ákæruliðinn, staðfesti það. Hann bar að áverkarnir, sem lýst er í vottorðinu, geti komið heim og saman við lýsingu brotþola á því sem hún sagði að gerst hefði. Hann kvaðst sjálfur hafa skoðað brotþola og séð að hún var með höggáverka, en ekki væri hægt að segja til um með hverju höggið hefði verið greitt, en það hefði ekki verið verkfæri eða hnífur eða málmhlutur, heldur væri um að ræða það sem kallaður er „sljór áverki“. Höggið hefði verið þungt, það sæist á því hvernig markaði undan því.

Læknirinn, sem ritaði vottorð varðandi síðari ákæruliðinn, staðfesti það. Hann bar að hafa ritað vottorðið samkvæmt bókum slysadeildar, en hjúkrunarfræðingur hefði skráð upplýsingar eftir brotþola á deildinni. Hjúkrunarfræðingurinn hefði bókað að brotþoli hefði verið með áverka hægra megin í andliti en læknirinn, sem skoðaði hana, hefði skráð að hún hefði verið með áverka vinstra megin. Þá kvað hann skurðinn á hendi brotþola hafa getað verið veittan með hníf. Læknirinn kvaðst ekki sjálfur hafa skoðað brotþola heldur unglæknir sem hefði unnið á sína ábyrgð.

IV

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist milli þeirra í þau tvö skipti sem um getur í ákæru. Við úrlausn málsins verður því aðallega að byggja á mati á trúverðugleika framburðar þeirra. Bæði gáfu þau skýrslur hjá lögreglu. Fyrir dómi gaf brotþoli skýrslu en ákærði neitaði að tjá sig og vísaði til skýrslu sinnar hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa sagt þar allt sem hann hefði um málið að segja.

Það er mat dómsins að brotþoli hafi gefið skýrslu sína fyrir dómi óþvingað og eðlilega þar sem hvorki var að greina hik né misbresti í frásögn hennar þannig að í ósamræmi væri svo nokkru næmi við skýrslur hennar hjá lögreglu. Vegna

afstöðu ákærða er hins vegar ekki hægt að leggja mat á trúverðugleika hans á sama hátt. Þrátt fyrir að dómendur hafi kynnt sér skýrslu hans hjá lögreglu getur mat þeirra á henni ekki komið í stað þess að meta framburð sem gefinn er milliliðalaust fyrir dóminum. Samkvæmt þessu er það mat dómsins að brotþoli hafi gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi.

Brotþoli leitaði á slysadeild eftir að atvikin gerðust, sem í ákæru greinir. Fyrir dóminn hafa verið lögð áverkavottorð og auk þess hafa lækarnir, sem þau sömdu, staðfest þau og gefið skýrslur um skoðun á brotþola. Frásögn brotþola á slysadeild af því sem gerðist er skráð í áverkavottorðin eins og rakið var. Varðandi fyrra tilvikið er frásögn hennar þar sú sama og hjá lögreglu og fyrir dómi auk þess sem áverkarnir koma heim og saman við frásögn hennar. Varðandi síðara tilvikið bar brotþoli hjá lögreglu og fyrir dómi að ákærði hefði slegið hana á hægri vanga og þannig skýrði hún og frá á slysadeild. Læknirinn, sem ritar vottorðið, bar hins vegar að lækni sá, sem hefði skoðað hana, hefði skráð að áverkinn væri á vinstri vanga. Þrátt fyrir þetta verður lagt til grundvallar að brotþoli hafi verið með áverka á hægri vanga, enda styðst það við framburð hennar og áverkavottorðið sem byggir á því sem skráð er af hjúkrunarfræðingi sem tók á móti henni á slysadeild. Þá er ákærða gefið að sök að hafa rekið hníf í brotþola eins og rakið er í síðari ákærulið. Brotþoli bar aftur á móti að hún hefði skorist á hnífnum þegar hún hefði reynt að verjast ákærða eins og rakið var.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins að við úrlausn málsins eigi að leggja til grundvallar trúverðuga og staðfasta skýrslu brotþola sem studd er áverkavottorðunum eins og rakið var. Ákærði verður því sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í fyrri kafla ákærunnar og það sem honum er gefið að sök í þeim síðari nema að hafa rekið hnífinn í brotþola. Byggja verður á framburði brotþola um að hún hafi skorist á hendi þegar hún reyndi að verjast atlögu hans og rakst í hnífinn. Þá telur dómurinn sannað með trúverðugum framburði brotþola að ákærði hafi hóttað henni og ógnað eins og honum er gefið að sök í síðari kafla ákæru. Með þessum athugasemdum verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákærunni og eru brot hans þar rétt færð til refsíákvæða.

Á árinu 2001 var ákærði tvívegis sektaður fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir þjófnað. Á árinu 2002 var hann aftur sektaður fyrir þjófnað og árið 2003 var hann dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir þjófnað. Árið 2009 var hann sektaður fyrir líkamsárás. Við ákvörðun refsingar nú verður höfð hliðsjón af 3. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði sem ekki eru skilyrði til að skilorðsbinda.

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með hliðsjón af gögnum málsins um árásirnar eru miskabætur til brotþola hæfilega ákveðnar 600.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Vextir skulu reiknast frá síðari árásardeginum. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan 8. febrúar 2011 og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi. Þá athugast einnig að brotþoli hefur tekið upp annað föðurnafn en í ákæru greinir og er hið nýja tilgreint í dómsorðinu.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Hervör Lilja Þorvaldsdóttir og Jón Finnbjörnsson.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, M, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði K 600.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. október 2010 til 8. mars 2011 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 55.200 krónur í sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 251.000 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Margrétar Gunnlaugsdóttur hdl., 125.500 krónur.

Arngrímur Ísberg

Hervör Lilja Þorvaldsdóttir

Jón Finnbjörnsson